

Ísafjarðarbær  
b.t. Heiða Hrund Jack  
Hafnarstræti 1,  
400 Ísafjörður

Reykjavíkurflugvelli, 29. apríl 2020  
INN2004004KA

**Efni: Umsögn vegna breytinga á lóð við Suðurtanga 14 á Ísafirði.**

Vísað er til umsagnarbeiðni skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar sem barst Isavia ohf., 16. apríl 2020 með beiðni um umsögn varðandi breytingu á lóð við Suðurtanga 14 á Ísafirði.

Eftir yfirferð gagna gerir félagið ekki athugasemd við hækkun bygginga en bendir á tryggt þurfi að vera að hámarkshæð sé undir hindranafleti sem gildir á svæðinu. Þessi afstaða er þó sett fram með þeim fyrirvara að greina þurfi möguleg vindáhrif byggingarinnar á flugvöllinn. Slík greining þarf að fara fram í samráði við Samgöngustofu og í kjölfarið afla samþykks stofnunarinnar fyrir breytingunni, ef hún hefur áhrif.

Virðingarfyllt,  
f.h. Isavia ohf.



Karl Alvarsson  
Yfirlögfræðingur

Afrit: Atle Vivås, Samgöngustofa